



Jóhannes Kjarval: "Suðurnesjamennt"



Johannes Larsen: „Hrossagaukur“



Höskuldur Björnsson: „Litli fuglinn“



Jóhannes S. Kjarval: „Sirts“ 1933



Jóhannes S. Kjarval: „Stúlkuandlit“



Gunnlaugur Scheving: „Við eldunarstörf“

einstakur sem málari, næstum merkilegt að Ísland skuli ekki eiga marga alveg eins og hann. Hinn, sá einasti sem ég hefi tíma til að segja svoltíð um, er Munch — Edvard Munch, hinn norskí málaraajötunn, og það er engin furða þó að Norðmenn standi framarlega í listum á heimsmarkaðinum í augnablikinu, þar sem þeir hafa slíkan mann í viðbót við sína eldri

listkrafta. Ég ætla mér ekki að fara að lýsa neinum af Munchs listaverkum heldur aðeins virðingarfyllst dást að honum. Hann getur skapað svo mörg stór verk enn, með sinni víðtæku þekkingu á listinni og hann hefir háð svo mörg stríðin í sínum innra manni, og unnið sigur ofan á sigur — sem glöggt má sjá á verkum hans — að hann hefir alla möguleika sem

Eftir að hafa talið upp marga ágæta málara, heldur hann áfram...

„Margir eru þeir fleiri sem ég hef fest hugann við á mínum mörgu ferðum gegnum sýningar-salina — en ég læt mér nægja að nefna tvo til, sem hafa dregið mig til sín einna sterkast, — enda þótt þeir séu hvor öðrum ólíkir. Annar er Harald Solberg, fæddur 1869. Málverk hans eru alveg útaf fyrir sig, og líkjast engu sem ég hefi séð á myndum, hann malar helgiblæ náttúrunnar með hrfandi róm-antískum einföldum litum. — Það er aðdáun mannsálarinnar fyrir

hinni hátíðlegu alvöru og kyrró náttúrunnar, sem hann hefir mál- að. Og hann hefir áreiðanlega hitt naglann á höfuðið. — Maður verður betri við að horfa á myndir hans, hann vekur barnið upp í þeirri sál sem skilur hann — og dregur það mótþróaust til sinnar upprunalegu móður, náttúrunnar, úti í hinni djúpu hlustandi einveru.

Maður man allt í einu eftir hátíðisdögum heima á Fróni, og sérstaklega nýármorgni með léttu frosti í hálfbirtingunni þegar tunglið er að hverfa bak við heimafjallið. Hann Solberg er

listamaður getur átt til þess að skapa eitt verkið öðru sterkara og fegurra. Og það er þess vegna að maður trúir hinni svokölluðu yngri listastefnu — eftir að hafa séð Munch — svo einfaldan í sinni meistaralegu fjölbreytni (variation). Og maður byrjar að trú því, að framtíðin eigi í skauti sínu óunnin lönd, sem listin ein getur unnið, og að mögulegt sé að skapa jafn gófuga og góða list í framtíðinni sem nútíðarfyrirmyndina, Hellas fornminjar (antiken) og þá seinni guðsbarnaanda, Rafaelo, Rembrandt og Murillo. En á öðru sviði í annarri frigerðri mynd, þar sem samliði milli þjóðar og listamanns er betur vakandi en nokkru sinni áður, þar þjóðirnar finna vakandi en ekki í draumóramóki, lífsþrótt sinn, margfalda hann í frjálsborinni sköpunarþrá, sem er listarinnar innsta eðli.“

Hér er skýrlega að orði komist þótt málið virðist dálítið forn- eskjulegt en þetta er nú einu sinni skrifad af skútusjómanni ofan úr sveit. Ekki líkist þetta í neinu seinni tíma gjörningum Kjarvals á ritvellinum!

En málið er, — kynnumst við ekki list og myndhugsun Kjarvals betur í gegnum þessi skrif. Eiga þessi orð ekki við einn listamann í viðbót? — Jóhannes Sveinsson Kjarval.